

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *66. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 5. nóvember 2009, kl. 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá Stefaniú og Álfðísi Stefánsdætrum, ósk um að land sé tekið úr landbúnaðarnotum.
3. Erindi frá Stefáni Gunnarssyni f.h. Mývatnsstofu.
4. Málefni eldri Mývetninga.

### Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 25. september s.l.

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 12. október s.l.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson,  
Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

### 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 4, yrði bætt á dagskránnu.  
Samþykkt samhljóða.

**2. Erindi frá Stefaníu og Álfðísi Stefánsdætrum, ósk um að land sé tekið úr landbúnaðarnotum.**

Með bréfi óska Stefanía og Álfðís Stefánsdætur, eigendur og ábúendur Ytri-Neslanda fastnr. 153581 eftir að 1200 m<sup>2</sup> lóð sem sýnd er á m.f. upprætti verði leyst úr landbúnaðarnotum.  
Sveitarstjórn samþykkir erindið.

**3. Erindi frá Stefáni Gunnarssyni f.h. Mývatnsstofu.**

Með bréfi dags. 28. október kemur Stefán Gunnarsson f.h. Mývatnsstofu á framfæri við sveitarstjórn eftirfarandi ályktun sem samþykkt var á aðalfundi 27. október sl.

*„Aðalfundur Mývatnsstofu ehf, haldinn 27.10.2009, skorar á sveitarstjórn Skútustaðahrepps að beita sér fyrir því gagnvart Umhverfisstofnun að Mývatnsstofu verði falið að sjá um landvörslu í Mývatnssveit samkvæmt verklýsingu. Jafnframt lýsir félagið sig reiðubúið til að koma að slíkum samningaviðræðum“.*

Sveitarstjórn tekur jákvætt í þessa málaleitan.

**4. Málefni eldri Mývetninga.**

Dagbjört gerði að umtalsefni málefni eldri Mývetninga. Hún varpaði fram þeirri hugmynd að gera könnun á meðal eldri borgara, þar sem lagt verður mat á þjónustuþörf viðkomandi og fá fram óskir eldri borgara hvað félagsstarfið varðar. Einnig að kannað verði með samvinnu sveitarfélagsins og heilsugæslunnar hvað þetta varðar.  
Sveitarstjórn list vel á hugmyndina og felur Dagbjörtu að vinna málið áfram.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Margrét Hólm Valsdóttir,  
Ingunn Guðbjörnsdóttir,  
Kristján Stefánsson,  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétusson.